

Ed.

512. Breytingartillögur

[176. mál]

við frv. til laga um Atvinnuþjófnumarsjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 5. gr. Ný málsgrein, er verði 3. málgr., bætist við, svo hljóðandi:
Stjórn Atvinnuþjófnumarsjóðs er heimilt að láta á kostnað sjóðsins gera athuganir á fjárhagslegum og tæknilegum rekstrargrundvelli atvinnufyrirtækja, er sækja um lán eða styrki úr sjóðnum.
2. Við 6. gr. 1. málgr. orðist svo:
Stjórn sjóðsins lætur gera áætlanir og undirbýr lánaákvæðanir með aðstoð Efnahagsstofnunarinnar. Skal láta fram fara skipulagðar rannsóknir á atvinnuástandi, samgöngum og menningarmálum einstakra byggðarlaga og landshluta. Á þessum rannsóknum skal reisa áætlanir um framkvæmdir, er að dómi sjóðsstjórnar beri helzt að styrkja með lánveitingum eða styrkjum í samræmi við ákvæði 1. gr. Áætlanir þessar skulu jafnan gerðar í samráði við hlutaðeigandi sýslunefndir, bæjarstjórnir og hreppsnefndir og aðrá þá aðila, er sérstakra hagsmuna hafa að gæta í þessu efni.